

Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2017, mánudaginn 9. október var haldinn 290. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.31. Viðstaddir: Elsa Hrafnhildur Yeoman, Þórgnér Thoroddsen, Margrét Norðdahl, Aron Leví Beck, Marta Guðjónsdóttir og Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Trausti Harðarson. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Kolbrún Halldórsdóttir. Af hálfu starfsmanna: Arna Schram, Signý Pálsdóttir, Heiðrún Aðalsteinsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram að nýju drög að fjárhagsáætlun 2018, sbr. 2. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 11. september 2017, ásamt greinargerð. RMF17030006
2. Forstöðumenn Höfuðborgarstofu, Reykjavíkur bókmenntaborgar, Borgarsögusafns, Listasafns Reykjavíkur og Borgarbókasafns kynna drög að fjárhagsáætlun og helstu verkefni komandi árs. RMF17030006

Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur, Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður og Lára Aðalsteinsdóttir og Kristín Viðarsdóttir, verkefnastjórar Reykjavíkur Bókmenntaborgar, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- kl. 13:55 tekur Börkur Gunnarsson sæti á fundinum.
- kl. 14:41 vikur Marta Guðjónsdóttir af fundinum.
- kl. 14:41 tekur Örn Þórðarson sæti á fundinum.
- kl. 15:57 vikur Signý Pálsdóttir af fundinum.

3. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina, sbr. 8. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 11. september 2017 um breytta skipan í ráðgefandi faghóp um styrki menningar- og ferðamálaráðs. Einnig er lögð fram umsögn Bandalags íslenskra listamanna, dags. 29. september 2017, og Hönnunarmiðstöðvar Íslands, dags. 2. október 2017. RMF17090002
Tillagan er felld með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða tvö atkvæði með tillögunni.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Pírata taka undir umsagnir Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Telur ráðið góða stjórnsýsluhætti viðhafða við styrkveitingar og aðkoma ráðsins á ólíkum stigum styrkveitinga sé nægileg.

4. Lögð fram að nýju tillaga Framsóknar og flugvallarvina, sbr. 9. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 11. september 2017 um viðbótar styrktarpott. RMF17090007
Tillagan er felld með sjö atkvæðum Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Pírata og Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Pírata taka undir að mikilvægt er að auka fjármuni til menningarstarfs, þess vegna er nú búið að auka

um 30 milljónir í ramma menningar- og ferðamálasviðs. Þar af fóru 20.650.000.- kr. í styrkjaþottinn sem úthlutað er úr einu sinni á ári.

5. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Vörumerkið „REYKJAVÍK LOVES“ hefur verið unnið vel og markvisst með undanfarin ár af Höfuðborgarstofu og innan Reykjavíkurborgar. Nú er komið að þeim tímapunkti að færa þarf vörumerkið og vörur tengdar því á næsta stig í markaðssókn og nýtingu til að styðja við Reykjavíkurborg sem ferðmannaborg og til að styðja við og stuðla að aukinni sölu á vörum undir vörumerkinu s.s. „REYKJAVÍK LOVES The City Card“. Menningar- og ferðamálaráð samþykkir því að veita sérstakt auka fjárframlag fyrir árið 2018 sem geti stutt við eitt stöðugildi til eins árs sem tilraunaverkefni til stuðnings við verkefnið, auk sambærilegrar upphæðar til efnis og þjónustukaupa, þannig styður ráðið við aukna sölu á tekjugefandi þjónustu og vörum Reykjavíkurborgar.

Fundið slitið kl. 16.06

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Þórgnýr Thoroddsen
Aron Levi Beck
Örn Þórðarson

Margrét Norðdahl
Börkur Gunnarsson
Þorgerður Agla Magnúsdóttir